

Skútustaðahreppur
Bjarni Reykjalín
Hlíðavegi 6
660 Mývatn



Reykjavík 19. desember 2016
UST201612-127/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Hofstaðir – tillaga. Umsögn

Vísað er til bréfs Skútustaðahrepps dags. 15. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Um er að ræða deiliskipulag fyrir minjasvæðið á Hofsstöðum og er skipulaginu ætlað að vernda menningarlandslag svæðisins og gera það aðgengilegra.

Skipulagssvæðið er 6,4 ha að stærð. Stærsti hluti svæðisins er tún og óræktað land. Tún verða nýtt áfram með hefðbundnum hætti. Gert er ráð fyrir eftirfarandi mannvirkjum: Bílastæði fyrir 12 bíla, stígum, útsýnis- og skiltasvæði og byggingarreitur fyrir snyrtingu.


Skipulagssvæðið er að hluta innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, þar er einnig íbúðarhúsið á Hofsstöðum, en ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu svæði.


Umhverfisstofnun telur flest mjög jákvætt sem fram kemur í greinargerð sem snertir kröfur um mannvirkjagerð sem draga munu verulega úr álagi á svæðið án þess að hafa neikvæð sjónræn áhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur brýnt að gerðar verði ítarlegar kröfur um hreinsun frárennslis vegna hins alvarlega ástands í Mývatni. Stofnunin telur að gera eigi kröfur um endurbætur á frárennslis íbúðarhúss á Hofsstöðum þannig að frárennslis sé meðhöndlað með sambærilegum hætti frá salernishúsi og íbúðarhúsi.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir í samræmi við umrætt deiliskipulag muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri